

HOFSSSTAÐIR

Aftur til Hofsstaða

AFTUR TIL HOFSSSTAÐA

Í miðju Garðabæjar liggja Hofsstaðir. Síðasta býlið stendur þar enn, en þar er einnig að finna rústir upprunalega bæjarins frá landnámi sem uppgötvaðist á níunda áratug síðustu aldar.

Í skjali þessu er að finna sýningartillögur sem miða að því að láta gesti sem koma á svæðið kanna og afhjúpa leyndardóma þess.

BAKGRUNNUR

Á árunum 2003–2004 framleiddi Gagarín margmiðlunarefni sem sett var upp í minjagarðinum á Hofsstöðum. Margmiðlunarstandarnir þóttu einstök nýjung enda óþekkt að slíku efni væri miðlað utandyra, og hlaut verkefnið norrænu NODEM verðlaunin skömmu síðar.

Í dag eru margmiðlunarstandarnir tómir og garðurinn þarfnast yfirhalningar. Einnig er æskilegt að setja upp nýtt margmiðlunarefni og hanna það með nútíma miðlunartækni.

Í október 2017 hittust fulltrúar Garðabæjar og Gagarín til að ræða framtíðarstöðu verkefnisins. Ákveðið var að Gagarín myndi fara í hugmyndavinnu og leggja fram tillögur að nýrri og nútímalegri sýningu, en jafnframt skyldi fundin leið til að tengja miðbæ Garðabæjar við minjagarðinn.

Á næstu síðum má finna afurð þeirrar vinnu.

AÐKOMA FORNLEIFAFRÆÐINGA

Allt efni nýju sýningarinnar verður byggt á rannsóknnum fornleifafræðinga á Hofsstöðum og í landi Garðabæjar. Þeir munu jafnframt verða ráðgefandi í gegnum allt framleiðsluferli sýningarinnar.



STAÐHÁTTAGREINING

Í minjagarðinum á Hofsstöðum má finna útlínur fyrsta bæjarins sem byggður var þar við landnám. Veggirnir eru vel sjáanlegir enda upphlaðnir með torfi. Umhverfis rústina eru lágir ljósapóstar og upplýsingaskilti. Margmiðlunarstandarnir eru þar enn, en allur búnaður (tölvur og skjáir) hefur verið fjarlægður.

Enga vegvísa er að finna að svæðinu og upplýsingar um garðinn eru almennt af skörnum skammti hvort sem er í bæjarlandinu, á vef eða annars staðar.

UPPLÝSINGASKILTIR

Upplýsingaspiöldin í garðinum eru upplímd á ryðgaða stálramma sem hafa tærst verulega mikið á undanförunum árum. Upplýsingatextinn hefur einnig veðrast og er því illlesanlegur á köflum. Skiltamiðlunin samanstendur af ljósmyndum með íslenskum texta á framhliðinni en með þýðingu á ensku, dönsku, þýsku og frönsku á bakhliðinni.

Upplýsingarnar fjalla fyrst og fremst um forngripi sem fundust við uppgröftinn og stundum er dregin upp mynd af fólki sem gæti hafa búið á bænum.

Upplýsingaskiltin eru sem hér segir:

S1 – SEYÐIR – Tveir seyðir fundust á Hofsstöðum og er annar óvenju stór.

S2 – HOFSSTAÐIR – Almenn kynning á staðnum.

S3 – LANDNÁMSBÆRINN – Lýsing á hvernig bærinn var aldursgreindur.

S4 – FÓLKID – Út frá gripum sem fundust er dregin upp mynd af lífsháttum íbúanna.

S5 – GRIPIR – Lýsing á nokkrum óvenjulegum gripum sem fundust.

S6 – VEFSTAÐURINN – Gripir sem gefa vísbendingu um vefstaðinn.



Minjagarðurinn í dag.

MARGMIÐLUNARSTANDAR

Á sínum tíma voru fjórir margmiðlunarstandar settir upp í garðinum, með margmiðlunarefni sem var hannað árið 2002. Einn standanna stóð við útítónleikasvæði tónlistarskólans og var hann tengdur skjávarpa sem varpaði efninu á norðurglugga skólans. Standarnir eru einnig úr ryðguðu stáli og hafa þeir veðrast nokkuð á sama hátt og upplýsingaskiltin.

Upprunalega margmiðlunarefnið er mjög umfangsmikið. Það lýsir fornleifa-uppgreftinum í þaula og hvaða upplýsingar mátti lesa úr honum. Sýnt var hvernig langhúsið var byggt upp og einnig dregin upp mynd af fjölda fólks sem gæti hafa búið á staðnum og við hvað það starfaði. Stöðu ólíkra heimilismanna var lýst. Einnig voru gerðar myndasögur með skálduðum frásögnum þar sem sögulegum staðreyndum og þekktum fornmunum var fléttað inn í sögurnar. Efnið var hannað á mörkum staðreynda og kenninga til að gefa sem besta innsýn í tíðarandann við landnám.

Upprunalega hugmyndin við að hafa margmiðlunarstandana úti frekar en að miðla efninu á netinu var til að fá fólk á staðinn. Það tókst á margan hátt vel en fljótlega kom þó í ljós að æskilegt hefði verið að bjóða upp á efni í skólum eða annarsstaðar þannig að fólk hefði getað undirbúið komuna betur. Margmiðlunarefnið er um 40 mínútur að lengd sem er of langur tími framan við margmiðlunarstand.

AÐRAR SÝNINGAR & STAÐIR

Í um klukkustundar fjarlægð frá Hofsstöðum má finna ýmsar upplýsingar og einstakar sýningar sem tengjast landnámi Íslands og/eða miðöldum. Þær helstu eru þessar:

MERKINGAR INNAN GARÐABÆJAR

Í Heiðmörk, á Bessastöðum og víðar í Garðabæ er að finna ýmsar merkingar um tiltekna sögustaði. Þær spanna mjög vítt tímasvið og eru oft á víðavangi og því ekki í alfaraleið.

LANDNÁMSSÝNINGIN Í AÐALSTRÆTI

Landnámssýningin í miðbæ Reykjavíkur fjallar fyrst og fremst um skála sem þar fannst. Engar tengingar er að finna í söguna heldur fyrst og fremst miðlað upplýsingum sem fornleifafræðingar gátu lesið úr rústinni.

ÁRBÆJARSAFN


Árbæjarsafn er í grunninn húsasafn sem sýnir byggingarlist ólíkra tíma. Í húsunum má finna muni sem tengjast daglegu lífi fólks sem þar bjó. Safninu má líkja við leikhús með ýmsum sviðsmyndum og klæðast starfsmenn fötum fyrri tíma.

ÞINGVELLIR

Nýlega opnaði sýning á Þingvöllum sem fjallar um þjóðgarðinn út frá sjónarhorni sögunnar og náttúrunnar. Alþingi til forna og stjórnskipun þjóðveldisins fær þar veglegan sess.

HAFNARFJÖRÐUR

Í Hafnarfirði er að finna veitingastað og hótél með víkingapema. Andrúmsloftið er leikrænt og staðurinn skilgreindur sem ferðamannastaður. Einu sinni á ári fer fram Víkingahátíð þar sem fólk safnast saman til að klæða sig upp sem víkingar, berjast við mann og annan eða versla að hætti miðaldarmanna.



TENGING VIÐ SVÆÐIÐ

Hofsstaði skortir tengingar við umheiminn. Engin upplýsingaskilti vísa á staðinn hvort sem er úr miðbæ Garðabæjar eða annarsstaðar.

ÓÞEKKTUR STAÐUR

Fornminjarnar eru tiltölulega óþekktar hjá íbúum Garðabæjar og nánast alveg óþekktar í öðrum sveitafélögum eða hjá ferðamönnum ef því er að skipta. Einstakir bekkir í grunnskólum Garðabæjar hafa sótt staðinn og stundum hafa stakir hópar óskað eftir leiðsögn fornleifafræðings um rústina. Lítið er að finna á vefnum þrátt fyrir að garðurinn sé glæsilega gerður og fagmannlegur í alla staði.

UPPLÝSINGASKILTI UM FORNLEIFAUPPGRÖFT

Upplýsingarnar sem fram koma á skiltunum eru fyrst og fremst um uppgröftinn frá sjónarhóli fornleifafræðings. Það vantar skýra frásagnarleið og einungis eru birtar ljósmyndar og gripateikningar sem eru hluti af vinnu fornleifafræðinga.

OFGNÓTT EFNIS Í MARGMIÐLUNARSTÖNDUM

Margmiðlunarefnið í stöndunum er um margt mjög gott en umfangið er of mikið fyrir útistand og því gæti það virkað flókið og jafnvel yfirþyrmandi fyrir leikmenn.

Upprunalega margmiðlunin gæti orðið frábært tól í skólum bæjarins til að kynna landnámstímann, en einnig sem gott undirbúningsefni fyrir heimsókn á Hofsstaði.

STÁLIÐ

Stálið (Cor Ten stál) sem notað er í upplýsingaskiltin og standana hefur kannski veðrast aðeins um of og því æskilegt að koma þeim í upprunalegt horf aftur.

VERUM ÖÐRUVÍSI

Upplifunin sem hönnuð verður fyrir Hofsstaði ætti að miðast við uppgröftinn sjálfan en styðjast við sögulegar túlkanir. Mikilvægt er að upplifunin verði ólík öðrum minjasýningum og að hún verði dýrmæt viðbót við aðra staði.



UPPLIFUNARHÖNNUN HOFSTAÐA

VERKEFNIÐ

Verkefnið felst í að hanna nýja upplifun fyrir Hofsstaðabæinn og sögu hans. Miðað er við að síðasti bærinn, sem stendur þar enn, falli inn í verkefnið og mikilvægt er að tengja svæðið við miðbæ Garðabæjar.

MARKHÓPUR

Í upphafi verkefnisins var ákveðið að finna ferskan vinkel sem myndi gera Hofsstaði ólíka öllum öðrum sögustöðum. Við sáum strax mikil tækifæri í því að leggja fyrst og fremst áherslu á yngstu kynslóðina þ.e. börn sem eru í grunnskóla hvort sem er í Garðabæ eða á höfuðborgarsvæðinu öllu.

Hönnun verkefnisins miðast því við að upplifunin falli vel að námskrá enda markmiðið að staðurinn kalli á heimsókn allra grunnskóla. Garðurinn skal verða einstaklega aðgengilegur þar sem fólk getur snert og glímt við gripi um leið og það lærir, en sú staðreynd að staðurinn sé útisvæði skapar líka frábær upplifunartækifæri fyrir börn.

MARKMIÐ

Markmið verkefnisins er að fá gesti til að taka þátt í óvissuferð um minjasvæðið þar sem þeir uppgötva og afhjúpa sögu Hofsstaða, á skemmtilegan og spennandi hátt.

Undirmarkmið eru:

- Að tengja minjasvæðið við Garðatorg
- Að gera staðinn að hreinni viðbót við aðra sögulega staði
- Að leggja áherslu á börn
- Að tengja staðinn við skólana og námskrá
- Að endurbæta hönnun svæðisins alls

HUGMYNDIN

SVÆÐIÐ

Til þess að skapa sterka tengingu milli Garðatorgs og Hofsstaða var farið í greiningarvinnu á svæðinu. Í dag er að finna fallega gönguleið sem tengir Garðatorg beint við Hofsstaði án þess að fara þurfi yfir umferðargötu eða annað sem truflar gönguna. Minjasvæðið sem afmarkast af landnámsrústunum og núverandi Hofsstaðabæ er hinsvegar hlutað í tvennt þar sem akvegur liggur beint í gegnum svæðið.

Upplifunarsvæðinu skiptum við í fjóra hluta:

- I. Garðatorg: bílastæði, verslunarmiðstöðin, ráðhúsið og torgið
- II. Gönguleiðin frá Garðatorgi að Hofsstöðum
- III. Síðasti Hofsstaðabærinn
- IV. Fyrsti Hofsstaðabærinn

Í dag eru þessir hlutar óháðir hvorum öðrum í hönnun, þ.e. voru ekki hugsaðir sem ein heild. Til að fella allt saman í eina heild og í samfellda upplifun þarf sterka frásagnarleið.



Svæðinu frá miðbænum Garðabæjar til minjagarðsins verður skipt upp í fjögur upplifunarsvæði.

NÁLGUN: AÐ UPPGÖTVA SÖGUNA

Hofsstaðir eru mjög óvenjulegur minjastaður á Íslandi. Gripirnir sem fundust í fornleifauppgreftrinum eru fjölbreyttir og um margt ólíkir þeim sem fundist hafa á öðrum stöðum. Þeir gefa vísbendingar um hvernig lífið var í upphafi Íslandsbyggingar, en þó ekki nógu skýra mynd til að byggja heila frásögn á.

Við viljum nota þessa óvissu okkur í hag og fá gestina sjálfa til að afhjúpa leyndardóm Hofsstaða og láta þá lesa upp úr jarðveginum sem væru þeir fornleifa- og sagnfræðingar.

TÚLKUN: VÍSBENDINGAR

Gestir verða settir í „könnunarleiðangur“ til að finna vísbendingar sem þeir síðan túlka. Með því að leita eftir vísbendingum og grafa upp gripi geta gestir púslað vísbendingunum saman í spennandi heildstæða mynd og jafnvel fundið ný sjónarhorn á söguna.

HUGMYND

„Aftur til Hofsstæða“ er ferðalag sem hefst á Garðatorgi, í Garðabæ nútímans, en þaðan ganga gestir aftur í tímann til fyrstu landnemanna á Hofsstöðum. Þar munu gestir afhjúpa leyndardóma svæðisins og horfa inn í horfinn heim.

Ferðin er í fjórum þáttum:

- I. GARÐABÆJARLANDIÐ
- II. AFTUR TIL HOFSSSTAÐA
- III. RÁÐGÁTA HOFSSSTAÐA
- IV. FORTÍÐARGLUGGI

I. GARÐABÆJARLANDIÐ

Hér fá gestir að kanna Garðabæ úr „lofti“ til að sjá allt það markverðasta sem finna má innan marka sveitarfélagsins. Áhugaverðir staðir m.t.t náttúru og sögu verða sýnilegir og gestir geta einnig kannað þróun bæjarfélagsins frá upphafi landnáms til dagsins í dag. Framtíðarskipulag verður dregið upp.

II. AFTUR TIL HOFSSSTAÐA


Í gegnum ratleik ferðast gestir frá Garðatorgi að Hofsstöðum. Faldar vísbendingar vísa veginn á skemmtilegan hátt.

III. RÁÐGÁTA HOFSSSTAÐA

Á Hofsstöðum verður lítil sýning sem býður gestum að afhjúpa leyndardóma staðarins. Það verður gert með því að „grafa upp“ fortíðina í bókstaflegri merkingu.

IV. FORTÍÐARGLUGGI

Að ganga inn í minjagarðinn, eftir að hafa kannað allar vísbendingarnar í gegnum gripi og sögur, mun endurlífga staðinn. Myndbrotin raðast saman og skýr mynd af lifnaðarhátum fólksins sem þar bjó birtist gestum.




I. GARÐABÆJARLANDIÐ

Garðatorg er í dag um margt falinn staður þó þar megi finna ýmsa þjónustu s.s. bæjarskrifstofurnar, bókasafnið og fleira. Torgið er hjart og fallegt með þægilegt andrúmsloft enda veðursæld mikil undir glerpakinu. Það er hinsvegar ekki mikið notað í dag og gæti borið mun meira líf. Torgið hentar einstaklega vel fyrir miðlunaratriði sem beinist að almenningi, sem þá gæti aukið aðsókn á torgið og glætt um leið starfsemina sem þar er.



Garðatorg.




“Garðabæjarlandið” er gagnvirk fjölnotendastöð sem sýnir þróun Garðabæjar frá landnámi til dagsins í dag.

„Garðabæjarlandið“ er gagnvirk fjölnotendastöð sem sýnir sveitarfélagið í heild. Hringlaga kortið fellur vel að arkitektúrnum en umhverfis kortið geta gestir sótt ýmsar upplýsingar um fyrirbæri innan svæðisins í gegnum gagnvirkt viðmót. Gestir fá þannig upplýsingar sem tengjast bænum allt frá fyrstu árum Íslandsbyggðar til dagsins í dag og áfram inn í framtíðina þ.e. hvert bærinn mun þróast.

Garðabæjarlandið verður alltaf í bakgrunninum enda einstakt náttúru- og söguminjasvæði. Þarna verða jafnframt hagnýtar upplýsingar um gönguleiðir, þjónustu og annað, og auðvelt verður að bæta inn eða breyta upplýsingum eftir þörfum.

Efnisþættirnir verða m.a.:

- Landnám Ingólfs
- Landnámsjarðir
- Álfaneshreppur hinn forni
- Garðahreppur
- Fornleifar
- Þéttbýlið
- Garðabær
- Skipulagsmál
- Framtíðarplön
- Náttúrufar og náttúruminjar
- Gönguleiðir
- Þjónusta
- og fleira




Landfræðileg viðmót eru mjög öflug tól í miðlun á staðsetningartengdum upplýsingum.

II. LANDNÁMSBÆRINN


Ratleikurinn hefst þegar fyrsta vísbendingin finnst á torginu. Hún mun leiða gesti út fyrir torgið og upp eftir fallegum stíg í átt að Hofstöðum.

Á leiðinni finnast fleiri vísbendingar sem ætlað er að vekja upp frekari forvitni um leiðarendann, Hofstaði.

Hver vísbending geymir hluta af sögu sem skýrir á einfaldan hátt staðarval Hofstaða við Landnám. Útfærslan verður myndræn sem mun kveikja frekari forvitni og gleðja augað.



Hugmyndaskissa.




Hugmyndaskissa.

II. RÁÐGÁTA HOFSSSTAÐA

Loks kemur gesturinn að Hofssstaðabænum (þeim síðasta). Að utan sést inn í nýja sýningarrýmið sem stendur næst bænum á hæðinni. Nýbyggingin er létt og hálf gagnsæ þannig að auðvelt er að finna fyrir lífi og fjöri innan sýningarinnar sem mun hvetja aðra til að taka þátt.

Á sýningunni taka gestir að sér hlutverk fornleifafræðings sem skal rannsaka ráðgátuna um Hofssstaði. Hverjir bjuggu þarna og hvernig var líf þeirra? Í þessari upplifun verður lögð áhersla á virka þátttöku gestanna og áþreifanleika hluta innan sýningar sem munu leika lykilhlutverk.



Nýtt sýningarrými verður byggt til bliðar við Hofssstaðabæinn.



Mikilvægt er að útlit Hofssstaða og skálans falli vel inn í umhverfið um leið og það hafi skírskotun til sögu býlisins sem nær aftur til landnáms..

II. RÁÐGÁTA HOFSSTAÐA

Ferlið í gegnum sýninguna verður á eftirfarandi hátt:

0 – Gerast fornleifafræðingur


1 – Grafa

2– Skrá

3 – Rannsaka

4 – Raða saman

5– Hvað segja sérfræðingar



Hugmynd að flæði frá hægri til vinstri. Tenging við Hofstaðabæinn neðst á mynd.



AÐ GERAST FORNLEIFAFRÆÐINGUR

Í upphafi ævintýrsins er gesti afhent kort sem merkir hann sem fornleifafræðing. Hann skráir nafn sitt sem auðkennir hann í gegnum sýninguna. Kortið fær hann að eiga enda mun það nýtast áfram utan sýningarinnar í Minjagarðinum (sjá síðar).




Gestir taka að sér að gerast fornleifafræðingar og fá auðkenniskort sem staðfestir það.



***Segðu mér og ég gleymi
Kenndu mér og ég man
Gefðu mér blutverk og ég læri***

Xunzi




1. GRAFA

Það fyrsta sem fornleifafræðingar gera er að skanna uppgriftarsvæðið og kanna hvar forngripni mætti finna. Með uppgræftri á einu lagi eftir öðru koma forngripir smám saman í ljós.

Sýningin geymir stóran sandkassa sem gefur tilfinningu fyrir útivist þar sem skálinn umhverfis hann er hálfagnsær. Forngripir eru faldir í sandinum og þurfa gestir að finna þá með hjálp skóflu og/eða annarra tóla sem fornleifafræðingar nota. Hver gestur þarf að safna saman fimm gripum.



Eldheimar í Vestmannaeyjum.




Hugmyndaskissa af "Fornleifauppgræftri". Gestir munu grafa eftir gripum og afhjúpa leyndardóma Hofsstæða í framhaldinu.

2. SKRÁ

Erfitt er að greina hvað hver gripur stendur fyrir enda steingert lag utan um þá alla. Gesturinn færir hvern og einn grip undir „jarðsjárskanna“ en við það birtist þrívíð mynd af gripnum í steininum. Hver gripur sem finnst er sambærilegur við þá gripi sem fundust við fornleifauppgröftinn að Hofsstöðum.



Jöklasýning í Perlunni.



Hugmyndaskissa af "Jarðsjárskanna".

3. RANNSAKA


Gesturinn veit nú hvaða gripi hann hefur og getur í framhaldinu rannsakað hlutverk hvers grips fyrir sig.

Á stóru borði eru nokkrar stöðvar sem standa fyrir ólíkar aðferðir vísindamanna til að greina forngripi. Í sameiningu geta þeir upplýst gestinn um t.d. úr hverju gripirnir eru, hversu gamlir, sagt frá hvernig þeir hafa komið fram í íslendingasögum og jafnvel lýst sambærilegum grip sem fundist hefur annarsstaðar o.s.frv.

Ath! Allar upplýsingar í sýningunni verða sniðnar að aldurshóp viðkomandi gests (auðkenniskortið).



Vatnið, í Perlunni.



Hugmyndaskissa af "Rannsóknarborðinu".

4. RAÐA SAMAN

Nú þegar einstakir hlutir hafa verið kannaðir og greindir er tími kominn á að túlka heildarmyndina út frá þekkingunni sem fengist hefur. Á vegg sést stór mynd af Hofsstöðum við Landnám. Þegar gestur skilar inn grip í þar til gerða stöð birtast upplýsingar ofan á myndinni sem sýna hvaða hlutverki viðkomandi gripur gæti hafa gegnt á þeim tíma.

Heildarsýn Hofsstaðabæjarins teiknast upp með öllu því lífi sem þar var að finna – menn, konur, börn og skepnur.

Enn er þó mörgum spurningum ósvarað og ólíkum möguleikum velt upp:

Hversvegna fannst svo sérstæð næla á Hofsstöðum?

Hvernig komst hún þangað?

Var þetta þýfi eða voru íbúarnir í góðum efnum?

Hversvegna voru seyðarnir/soðholurnar utandyrar?

Voru þeir notaðir í blót?

Gesturinn tekur því sjálfur afstöðu til hvað honum þykir líklegt.



Hugmyndaskissa af "Túlkunarstöðinni".

5. HVAÐ SEGJA SÉRFRÆÐINGAR

Gesturinn hefur nú gengið í spor fornleifafræðings og upplifað hvernig sagan er túlkuð út frá takmörkuðum upplýsingum.

Sérfræðingar nota nákvæmlega sömu aðferðir í dag en á næsta svæði í sýningunni verða til sýnis hinir raunverulegu gripir sem fundust við fornleifauppgröftinn.

Við hlið þeirra má finna túlkun Ragnheiðar Traustadóttur fornleifafræðings á því hvað hún las upp úr gögnunum.



Jalangursnælan sem fannst á Hofsstöðum.

IV. FORTÍÐARGLUGGI

Þegar út af sýningunni er komið er gengið yfir í Minjagarðinn. Þar sjást upprunalegar útlínur bæjarins og upplýsingaskilti bjóða gesti velkomna.

Innan garðsins verða þrír kíkjar með snúningshnappi. Hverjum kík er beint að einstökum hluta bæjarinnar. Þegar hnappi er snúið breytist raunmyndin yfir í fortíðarmynd sem sýnir hvernig var umhverfið á og við Höfsstaði fyrir 1000 árum.


Kíkarnir hafa sitt sérsvið og sýna:

- Líf fólks á Höfstöðum við landnám
- Skálabygginguna og hvernig hún byggist upp í skrefum (stoðir, hrís, torf o.s.frv.)
- Útsýnið frá Höfstöðum yfir í nágrennið (Arnarnesvogur með skipum, reykur úr öðrum landnámsbæjum o.frv.)

Fyrir gesti sem hafa farið á sýninguna og fengið auðkenniskort birtast enn frekari upplýsingar t.d. sjónarhorn þar sem áherslan er á gripina sem viðkomandi fann í uppgreftinum á sýningunni.

Börn sem fara á sýninguna munu þannig vera hvött til að taka foreldra sína á svæðið á eigin vegum utan hefðbundins sýningartíma og geta þá sýnt hvað “þau uppgötvuðu” á sýningunni!

Minjagarðurinn verður opinn allan sólarhringinn.





Hugmyndaskissa af “Kíki” í minjagarðinum.

GAMLA EFNID Á VEFINN

Eins og áður segir framleiddi Gagarín margmiðlunarefni sem sett var upp í minjagarðinum á Hofsstöðum. Margmiðlunarstandarnir þóttu einstök nýjung enda óþekkt að slíku efni væri miðlað utandyra.

Margmiðlunarefnið og efnistökin standa enn fyrir sínu og því kjörið að nýta það áfram í tengslum við sýninguna.

Leggjum við því til að margmiðlunarefnið verði uppfært fyrir vefinn. Gestir munu þá geta undirbúið sig fyrir ferð á sýninguna og ungmenni fá aðgang að einstöku kennslufni um landnámsbæðinn Hofstaði, fólkið sem þar bjó og reyndar landnámið í heild.



NÁMSSKRÁ

Eins og sjá má hér að ofan verður upplifunin sérstaklega hönnuð fyrir yngri kynslóðirnar þó hún henti öllum um leið. Allar upplýsingar verða því sérsníðnar að börnum annars vegar og hins vegar að fullorðnum.

Fólk getur komið í hópum eða á eigin vegum en eitt er víst að lærdómurinn verður ríkulegur um leið og hann verður skemmtilegur og spennandi.

Hugmyndirnar tóku mið af námskrá grunnskólanna en þar er mikil áhersla lögð á sögu Íslands og landnámið í heild og munu Hofsstadir, eðli málsins vegna, falla fullkomlega inn í það mengi.

Af punktum úr námsskránni sem við höfum haft í huga við hönnun verkefnisins eru:

Nemandi á að...

- *Geta skynjað Íslandssöguna með áþreifanlegum hætti og upplifað hana í gegnum ólíka miðlun*
- *Geta kannað og rannsakað efni á skipulegan hátt, einn eða í hópi, og halda skrá yfir athuganir sínar*
- *Geta kannað og lifað sig inn í söguna með því að endurskapa veruleika einn eða með öðrum*
- *Geta túlkað efnið munnlega og skriflega, í leik og í gegnum list*
- *Læra að nota sögulegar heimildir af mismunandi gerðum, s.s. með skriflegum heimildum og fornleifum*
- *Geta beitt ímyndunarafli en vera gagnrýnnir þegar heimildir eru notaðar*

Við þetta má bæta að samkvæmt kennsluráðgjöfum barna á Íslandi þá eru ung börn (5-12 ára) mjög hrifin af hlutverkaleikjum þar sem þau klæða sig upp í nýtt hlutverk (fornleifafræðingur).

Skemmtilegasta upplifunin er svo þegar þau fá að leysa ráðgátur með hjálp vísbendinga, en það er einmitt frábær leið til að halda krökkum við efnið.

LANDSLAG


Í dag eru útlínur Hofsstaðabæjarins sýndar með lágrí torfhleðslu. Vel mætti hugsa sér að byggja burðargrind sem sýndi hugsanlega lögun hússins. Þannig myndi skálinn sjást lengra að en í dag, börn gætu leikið sér umhverfis burðarverkið og eins mætti tjalda yfir það og halda viðburði á vegum skólanna eða annarra.



Hugmyndaskissa af "Burðarvirki" Landnámsbæjarins.



Tilvísanir í leiksvæði eftir Kaptein Roodnat.




MIÐBÆRINN

Miðbæjarsvæðið er í dag einn stór grár flötur enda fjölmörg bílastæði um allt.


Miðbæinn skortir því þreifanlega græn svæði sem myndu gefa tilefni til útivistar og félagslífs á svæðinu. Leggjum við til að einstök stæði verði látin víkja fyrir grænum görðum sem myndi draga fólk að miðbæjarsvæðinu.

Innan garðsins mætti bæta við göngustíg sem framkallaði hringleið frá Garðatorgi að Minja-garðinum og aftur til baka. Ferðin myndi þá bjóða upp á eitthvað nýtt í hverju skrefi öllum til yndisauka.



Hofsstaðasvæðið er í dag skorið í tvo hluta með vegi sem liggur á milli Hofsstaða og Minjagarðsins.

Leggjum við til að sá vegur verði þrengdur og að sú þrenging verði lengd í suður og norður. Með þessum hætti verður ásýnd garðsins „*helg*“ og öll umferð um hann verður hæg og varkár. Á báðum endum verður “hlið” þannig að allt svæðið verður ein sterk og falleg heild.



NÆSTU SKREF

Hugmyndin „*Aftur til Hofsstaða*“ samanstendur af mismunandi þáttum sem hægt er að innleiða í áföngum og gefur sveitarfélaginu svigrúm til þess að skipuleggja hvern áfanga fyrir sig fram í tímann.

Tillögur okkar eru að áfangaskipta á eftirarandi hátt:

ÁFANGI 1:

- a. Setja upp „*Garðabæjarlandið*“, gagnvirku fjölnotendastöðina á Garðatorgi. Áhersla á byggðapróun fyrri tíma og inn í framtíðina.
- b. Útfæra ratleik frá Garðatorgi að Minjagarðinum. Lagfæra garðinn og setja upp nýja miðlun sem eykur upplifunarþátt garðsins með nýjum upplýsingaskiltum og kíkjunum þremur.
- c. Uppfæra gamla margmiðlunarefnið fyrir vefinn þannig að nýta megi það í skólum.

ÁFANGI 2:

- a. Koma Hofsstaðabænum í gott horf og byggja nýjan sýningarskála sem tengist bænum.
- b. Hanna og framleiða nýja sýningu með grafík og gripum.
- c. Hanna og framleiða allt margmiðlunarefni sýningarinnar.

